



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. maí 2023

Efni: Umsögn SI um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026, 978. mál, 154. löggjafarþing

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026, 978. mál, 154. löggjafarþing, 2022-2023. Samtökin fagna eindregið tillögunni og þeim aðgerðum sem lagðar eru til. Samtökin telja aðgerðirnar í góðu samræmi við *Stefnu hönnunar og arkitektúrs til 2030*. SI þakkar gott og faglegt samstarf við menningar- og viðskiptaráðuneytið við mótun bæði stefnunnar og þingsályktunartillögunnar.

Samtökin styðja þær aðgerðir sem fram koma í þingsályktuninni en vilja koma á framfæri einni athugasemd.

Samtökin óska eftir því að vera tilgreind sem samstarfsaðilar í *aðgerð 2: Skilgreining mælikvarða og virðisauka hönnunar*. SI hafa unnið með Hagstofu Íslands að því að móta mælikvarða hagtalna fyrir tækni- og hugverkaiðnað en innan þess iðnaðar má finna víðtæka notkun hönnunar á ýmsum sviðum. Skýr og samræmd hugtakanotkun þegar kemur að hagtölum atvinnugreina skiptir sköpum til þess að íslensk stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur geti með skýrum hætti gert sér í hugarlund hverjar áskoranir og tækifæri eru í einstökum atvinnugreinum.

Skýr stefna og aðgerðir í hönnun og arkitektúr eru fagnaðarefni fyrir íslenskt samfélag en ljóst er að hönnun leikur sífellt stærra hlutverk við að nýta þau tækifæri sem felast í örúm tæknibreytingum. Samtökin taka undir það sem fram kemur í greinagerð með þingsályktunartillögunni, að með því að virkja fagþekkingu hönnuða og aðferðafræði hönnunar má hafa víðtæk jákvæð áhrif á þróun samfélagsins og framtíðarlífsgæði.

Samtökin hlakka til áframhaldandi samstarfs um eflingu hönnunar innan íslensks iðnaðar.

Virðingarfyllst,

Bjartmar Steinn Guðjónsson,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði

Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði